




ÁRSSKÝRSLA

2021



# *Samskiptamiðstöð*

*heyrnarlausra og heyrnarskertra*



## Efnisyfirlit



Ávarp forstöðumanns	3
Stefna og meginmarkmið	5
Skipurit	6
Mannauður og innra starf	7
Starfsemin	8
Rannsóknir og þróun	12
Táknmálaskennsla	16
Túlkabjónusta	18
Önnur þjónusta	23
Starfsfólk	26



## Ávarp forstöðumanns



Árið fól í sér áskoranir líkt og árið áður enda geisaði enn heimsfaraldur. Verkefni ársins voru leyst eins vel og takmarkanir leyfðu ýmist í gegnum fjarfundarbúnað eða á staðnum. Starfsmenn voru færir í heimavinnu og fjarþjónustu þannig að þjónustan var samfelld og hnökralaus enda komin nokkur reynsla á slíka útfærslu á þjónustu. Túlkaðir voru talsvert fleiri tímar en árinu áður enda túlkanotendur orðnir vanari fjarþjónustu og samfélagið hélt áfram þó að farsótt geisaði.

Lengi hafði staðið til að breyta lögum um Samskiptamiðstöð og hófst sú vinna á árinu. Til stóð að hún yrði unnin samhliða málstefnu um íslenskt táknmal og var haldinn einn fundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðherra ákvað síðan að leggja áherslu á að vinna málstefnuna fyrst og því var lagavinnan lögð til hliðar.

Breytingar á stjórnarráðinu höfðu áhrif á stofnunina en stofnunin heyrði áður undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þegar því ráðuneyti var skipt upp fluttist íslenskt táknmal ásamt íslensku yfir til menningar- og viðskiptaráðuneytis en Samskiptamiðstöð varð eftir undir mennta- og barnamálaráðuneyti. Samskiptamiðstöð, Félag heyrnarlausra og Málnefnd um íslenskt táknmal sendu stjórnvöldum bréf þar sem lögð var áhersla á að Samskiptamiðstöð, sem málstöð íslensks táknmals heyrði undir sama ráðuneyti og íslenskt táknmal. Niðurstaðan varð sú að Samskiptamiðstöð var færð undir menningar- og viðskiptaráðuneyti og því var Lilja Dögg Alfreðsdóttir áfram sá ráðherra sem stofnunin heyrði undir.

Svavar Gestsson, fyrrverandi menntamálaráðherra lést á árinu. Hann barðist fyrir því að Samskiptamiðstöð yrði sett á fót og að hún myndi heyra undir menntamálaráðuneyti en ekki félagsamálaráðuneyti, þar sem um málstöð væri að ræða. Með flutningi stofnunarinnar undir sama ráðuneyti og íslenskt táknmal er þessari tengingu viðhaldið þótt margt í starfsemi stofnunarinnar heyri undir menntamál einnig.

Á árinu voru 10 ár frá því að lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmals voru samþykkt. Fulltrúi Samskiptamiðstöðvar tók þátt í umræðuhópi sem fór yfir það hvaða þýðingu viðurkenning á íslensku táknmáli hefði haft. Eitt af því sem þar kom fram var að vísað var ofast í 13. gr. laganna til að tryggja aðgengi táknmálsfólks að túlkun.

Áralangri baráttu fyrir táknmalsaðgengi að kvöldfréttum RÚV lauk á árinu þegar Samskiptamiðstöð og RÚV undirrituð samningu um táknmálstúlkun Krakkafrétta og kvöldfrétta. Fram til þess tíma höfðu táknmálsfréttir verið á dagskrá auk þess sem fréttatímar voru aðeins túlkaðir ef vá steðjaði að. Táknmálstúlkaðar kvöldfréttir urðu til þess að fjölskyldur gátu sameinast yfir kvöldfréttatíma, sem var samtímis á íslensku táknmáli og íslensku.



Stofnunin fagnaði 30 ára afmæli áramótin 2020/2021 og af því tilefni gaf stofnunin öllum leik- og grunnskólum landsins veggspjald með handformum úr íslensku táknmáli. Fyrstu veggspjöldin voru afhent táknmálsbörnum í leikskólanum Sólborg og Hlíðaskóla. Markmið gjafarinnar var að vekja athygli á íslensku táknmáli í von um að það kveiki áhuga barna og unglunga og bæti viðhorf þeirra til málsins og menningarsamfélags þess.

Kristín Lena Þorvaldsdóttir forstöðumaður fór í fæðingarorlof um mitt sumar og var Fanney Ingólfssdóttir settur forstöðumaður í hennar fjarveru.



A handwritten signature in blue ink that reads 'Kristín Lena Þorvaldsdóttir'.

Kristín Lena Þorvaldsdóttir  
forstöðumaður



## Stefna og meginmarkmið



Meginhlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að því að fólk sem talar íslenskt táknmál geti sótt þjónustu, sem veitt er í þjóðfélaginu, á grundvelli íslensks táknmáls. Þetta gerir stofnunin með rannsóknum á íslensku táknmáli, kennslu íslensks táknmáls, námsefnisgerð á íslensku táknmáli, framleiðslu menningarefnis á íslensku táknmáli og túlkajónustu á milli íslensks táknmáls og íslensku.


Samskiptamiðstöð er málstöð íslensks táknmáls. Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýttast þeim sem nota íslenskt táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem döff, heyrnarskertum, fólki með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum. Samskiptamiðstöð hefur forystu í sérhæfðri þjónustu sem stuðlar að þátttöku fólks sem talar íslenskt táknmál. Á Samskiptamiðstöð er sköpuð ný þekking á starfssviði stofnunarinnar, þekkingu er safnað, hún er þróuð og henni er miðlað.



## Skipurit



Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og sviðsstjórar táknmálssviðs og túlkabjónustu mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Aðstoðarforstöðumaður stýrir aðföngum, reikningshaldi og málaskrá og sinnir gæða- og öryggismálum. Þá veitir hann forstöðumanni aðstoð við rekstur og fjármál, áætlanagerð og mannauðsmál. Sviðsstjóri túlkabjónustu er næsti yfirmaður starfsmanna túlkabjónustunnar; fagstjóra túlkunar, verkefnastjóra á sviði stað- og fjartúlkunar, táknmálstúlka og starfsmanns skrifstofu túlkabjónustu. Sviðsstjóri táknmálssviðs er næsti yfirmaður starfsmanna táknmálssviðs; fagstjóra kennslu og rannsókna, verkefnastjóra á sviði kennslu, ráðgjafar, námsefnisgerðar, varðveislu og miðlunar, táknmálsskennara, leiðbeinenda, aðstoðarmanna í rannsóknum og varðveislu og umsjónaraðila myndvers.





## Mannauður og innra starf



Ársverk á stofnuninni árið 2021 voru 22,6. Í lok árs 2021 voru starfsmenn 27 talsins og hafði föstum stöðum fækkað um tvær frá lokum árs 2020 en ársverkum fjölgað um 1,1. Starfsmenn í túlkaþjónustu voru í lok árs 13 talsins, þar af einn í fæðingarorlofi. Ársverk í túlkaþjónustu voru 11,5. Í lok árs voru starfsmenn á táknmálssviði 12 talsins. Ársverk á táknmálssviði voru 9,5. Starfsfólk beggja sviða vann einnig að stökum verkefnum þvert á svið. Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður sinntu 1,6 ársverkefnum utan fyrrnefndra sviða, en forstöðumaður var í fæðingarorlofi seinni hluta árs. Tvær stöður voru auglýstar á árinu, staða táknmálsskennara og umsjónaraðila myndvers.

- **93 %** starfsmanna hafa lokið háskólamenntun.
- Meðalstarfsaldur **12,3 ár**.
- Lengstur samanlagður starfsaldur **25,3 ár**.

Á stofnuninni starfar fólk með ólík tungumál sem fyrsta mál. Í lok árs höfðu 14,8% starfsmanna íslenskt táknmál sem fyrsta mál, 77,8% höfðu íslensku sem fyrsta mál og 7,4% höfðu annað raddmál eða táknmál sem fyrsta mál. Flestallir starfsmenn Samskiptamiðstöðvar tala íslenskt táknmál, sem er vinnumál stofnunarinnar og starfsmannafundir fara að jafnaði fram á íslensku táknmáli.

### Heildarfjöldi starfsmanna í lok árs 2020:

**27 starfsmenn**

Í túlkaþjónustu : **13**

Á táknmálssviði : **12**



Í lok árs var hlutfall karla 11% og kvenna 89%. Alls hafði 93% starfsmanna lokið háskólamenntun. Þá var meðallífdur starfsmanna 43 ár í lok árs og meðalstarfsaldur 12,3 ár. Á stofnuninni starfaði starfsmaður sem hafði hafð störf á fyrsta starfsári stofnunarinnar en unnið á stofnuninni með hléum. Lengsti samanlagði starfsaldur hjá stofnunni við lok árs 2021 var rúm 25,3 ár.

### Fyrsta mál starfsmanna: Íslenskt táknmál : **14,8 %**

Íslenska : **77,8 %**

Annað táknmál  
eða raddmál : **7,4 %**





Á árinu var sérstaklega hlúð að starfsfólki og vinnuástöðu þeirra. Það var haldið áfram með að fartölvuvæða og uppfæra tækjabúnað fyrir stofnunina til að auðvelda þjónustu. Ákveðið var að fara í breytingar á stofnuninni innanhúss. Ríkiseignir gerðu nauðsynlegar endurbætur á salernisrými starfsmanna og ákveðið var að sleppa kynjamerkingum á endurbættum salernum. Keypt voru ný sólargluggatjöld á suðurhliðina en hiti og geislar sólarinnar og trufluðu vinnu á blíðviðrisdögum. Gömlum stólum og húsgögnum var skipt út fyrir nýrri. Allir starfsmenn fengu sína föstu vinnuástöðu en túlkar höfðu áður sameiginlegar vinnuástöður. Þannig náðist að halda vel fjarlægð milli starfsfólks þegar samkomutakmarkanir leyfðu vinnu á vinnustöðvum. Móttakan var einnig lagfærð þannig að henni var lokað fyrir utanaðkomandi og keypt dyrabjalla frá Jenile en hún er með aðgengitækni sem býður upp á hljóð, blick og titring og hentar því bæði heyrandi og heyrnarlausu starfsfólki.



Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra festi kaup á aðgengistækjum frá Jenile til að jafna aðgengi allra starfsmanna. Á myndinni eru eigendur Jenile á Íslandi; Magnús Sverrisson og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ásamt Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar.

Persónuverndarstefna og persónuverndaryfirlýsing voru gerðar í samvinnu við persónuverndarfulltrúa SHH. Þær voru undirritaðar af öllu starfsfólki að lokinni kynningu. Markmið stofnunarinnar á næstu árum eru að fá reglulegar kynningar frá persónuverndarfulltrúa til að viðhalda þekkingu starfsmanna á sviði persónuverndar. Mannauðsstefna, heilsustefna og fjölskyldustefna voru uppfærðar, þýddar og kynntar fyrir starfsfólki og gerðar aðgengilegar í Gæðahaldbók SHH. Símkerti stofnunarinnar var komið til ára sinna svo það var endurnýjað og ný símtæki leigð. Símvári var tengdur símkerti ásamt skiptiborði sem beinir símtölum á ólíka aðila.

Verkefnið Betri vinnutími hélt áfram. Vinnuhópur lagði könnun fyrir starfsmannahópinn um hvernig hámarksstytting hefði reynst á tilraunatímabili og var niðurstaðan sú að starfsmenn óskuðu eftir áframhaldandi hámarksstyttingu vinnutíma sem tekin yrði út einu sinni í viku eins og verið hafði.





## CliftonStrengths®



Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar vann áfram með styrkleika sína í stórum sínum og þeir voru til umræðu í starfsmannasamtölum.

Heimavinna var fyrirferðarmikil en starfsmannafélagið var lunkið að finna upp á alls konar athöfnum í samkomutakmörkunum til að gleðja starfsfólkið því það þurfti vissulega að hlúa að andlegri heilsu starfsfólksins. Stofnunin hélt samstarfi sínu áfram við Gallup en styrkleikamat (CliftonStrength) hafði verið gert á öllu starfsfólki og áfram var unnið með það í starfsmannasamtölum en þrjú stutt starfsmannasamtöl eru tekin við hvern starfsmann árlega.

Forstöðumaður og verkefnastjóri hóps um heilsueflingu héldu áfram að sækja málþing á vegum Virk, Landlæknisembættis og Vinnuverndar um heilsueflingu á vinnustöðum. SHH vann áfram að því markmiði að verða heilsueflandi vinnustaður. Markmið var sett um formlega skráningu stofnunarinnar sem heilsueflandi vinnustaður á árinu 2022.

Í lok árs 2020 skipaði forstöðumaður umhverfisnefnd á SHH. Þeirri nefnd tókst undir lok árs 2021 að sjá til þess að SHH stigi fyrstu tvö grænu skrefin í verkefninu Græn skref fyrir ríkisstofnanir en markmið þess er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar og efla umhverfisvitund starfsmanna. Markmiðið er að ljúka öllum fimm skrefunum fyrir árslok 2024.

Starfsfólk vann í hópum við að ræða um nýsköpun og umbætur og koma með tillögur að breytingum. Þar voru hugmyndir um áframhaldandi fjarvinnu, græn skref og fartölvuvæðingu helst til umræðu með það að markmiði að draga úr ferðatíma og mengun.

Upplýsingastreymi innan stofnunarinnar var mikilvægt sérstaklega þegar starfsmenn hittust sjaldan og unnu í fjarvinnu. Því var ákveðið að halda áfram með örfundi á báðum sviðum daglega í nokkrar mínútur í byrjun hvers vinnudags. Á fyrri hluta árs voru örupplýsingafundir haldnir fyrir alla starfsmenn vikulega en þannig náðist vel að halda öllum upplýstum og allir starfsmenn sáust a.m.k. vikulega. Þá voru haldnir daglegir stöðufundir í framkvæmdastjórn og lengri hálfsmánaðarlegir fundir á báðum sviðum og í framkvæmdastjórn. Úr þessu var dregið þegar samkomutakmarkanir voru ekki lengur við lýði.

Stjórnendur sóttu ýmis námskeið og fyrirlestra á sviði launamála, sáttamiðlunar, opinberrar þjónustu, starfsmannamála og persónuverndar m.a. hjá Launaskólanum og Stofnun stjórnsýslufræða.



Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar sótti ýmsar ráðstefnur á árinu; Norrænu ráðstefnuna Let's interact! – making effective connections with colleagues and the sign language community sem haldin er annað hvert ár og árið 2021 var áhersla lögð á fjartúlkun í ljósi heimsfaraldurs, EFSLI ráðstefnuna Interpreter 4.0 – towards a virtual reality?, ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, Mobilitet och teckenspråk i Norden og ráðstefnu á vegum Maya de Wit, Seminar Sign Language Interpreting on TV & Media. Allar ráðstefnurnar voru rafrænar og þurfti starfsfólk SHH því ekki að fljúga á milli landa.

Í febrúar birtust viðtöl við táknmálskenningarana Júlíu G. Hreinsdóttur og Uldis Ozols í Landanum á RÚV en þátturinn var að hluta til helgaður degi íslenska táknmálsins. Í tilefni dagsins birti Samskiptamiðstöð fyrirlestra fagstjóranna þriggja sem starfa á SHH sem streymt var beint á 30 ára afmæli stofnunarinnar undir lok árs 2020.

Á haustmisseri 2021 var Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknmálsfræði við HÍ, með námskeið fyrir táknmálskenningara á SHH. Námskeiðið fjallaði um grundvallaratriði í málfræði táknmála og þá sérstaklega í ÍTM. Í upphafi var fjallað um hvað einkennir tungumál og helstu svið málsvísinda en svo var farið dýpra í hljóðkerfis- og orðhlutafræði í táknmálum/ÍTM sem var helsta áherslusvið námskeiðisins. Aðalmarkmiðið með námskeiðinu var að auka málfræði þekkingu táknmálskenningaranna á ÍTM svo að þau gætu nýtt hana betur í eigin kennslu á ÍTM. Námskeiðið var styrkt af starfsmenntunarsjóði BHM og Sameyki.



Áhrif sinubrunans á Táknmálslundinn voru veruleg en starfsfólk Samskiptamiðstöðvar horfir til framtíðar.

Í maí bárust fréttir af sinubruna í Heiðmörk. Forstöðumaður og aðstoðarmaður fóru í könnunarleiðangur og í ljós kom að Táknmálslundur hafði orðið eldinum að bráð. Ákveðið var að láta sinubrunann ekki spilla framtíðarplönunum um að byggja upp samverustað fyrir táknmálssamfélagið á Íslandi og halda áfram að gróðursetja tré fyrir komandi táknmálskynslóðir.



Námskeið í forritum Office 365 var áfram í boði fyrir alla starfsmenn sem þeir gátu sjálfir tekið á netinu.

Þá voru tveir starfsmenn Samskiptamiðstöðvar í háskólanámi með vinnu á árinu, annar vann að meistararannsókn í tengslum við undirbúning táknmálstúlka og hinn vann að meistararannsókn á viðurkenningu ÍTM og áhrifum hennar á stöðu málsins.

Tveir nemar fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að halda áfram að vinna að vasaorðabók fyrir ÍTM og var veitt vinnuástaða á stofnuninni yfir sumartímann til að vinna verkefnið. Þannig höfðu þeir aðgang að málhöfum og starfsmönnum til ráðgjafar.

Í lok árs var að venju túlkað **jólag** sem var jólakveðja frá starfsfólki Samskiptamiðstöðvar til viðskiptavina. Lagið sem varð fyrir valinu var lagið Jólin eru okkar eftir Braga Valdimar Skúlason. Upptaka fór fram í Flóru í Laugardal að þessu sinni í hugljúfri jólastemmingu.



Iðunn Bjarnadóttir, verkefnisstjóri í táknmálstúlkun og Svava Jóhannesdóttir, aðstoðarmaður í rannsóknnum syngja lagið **Jólin eru okkar**



## Starfsemin



Kjarnastarfsemi Samskiptamiðstöðvar byggir á fjórum megin stöðum; rannsóknum á íslensku táknmáli, kennslu íslensks táknmáls ásamt námsefnisgerð á íslensku táknmáli, túlkaþjónustu á milli íslensks táknmáls og íslensku og annarri þjónustu, s.s. framleiðslu menningarefnis á íslensku táknmáli og ráðgjöf til fjöskyldna táknmálsbarna.

### Rannsóknir og þróun

Meginmarkmið rannsókna er að fá betri skilning á eðli íslensks táknmáls og táknmálssamskipta, máltöku barna í gegnum íslenskt táknmál, túlkun, kennsluaðferðum og námsefnisgerð á íslensku táknmáli. Unnar eru rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli, unnið að þróun prófa og greiningartækja og aðferða við kennslu táknmáls, þá er unnið að þróun námsefnis, hugbúnaðarþróun, ásamt nýsköpun á sviði túlkunar og táknmálssamskipta. Fræðimenn á Samskiptamiðstöð eru aðilar að Rannsóknastofu í táknmálfræðum, samstarfsvettvangi Samskiptamiðstöðvar og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og eru rannsóknir stofnunarinnar unnar undir formerkjum hennar.

Í upphafi árs 2019 var undirritaður samstarfssamningur milli Samskiptamiðstöðvar og Háskóla Íslands sem miðaði að því að efla rannsóknir á ÍTM og döff fræðum og kennslu í táknmálfræði og táknmálstúlkun, sem og kynningu á íslensku táknmáli og menningarsamfélagi þeirra sem nota málið. Flestar rannsóknir sem unnar eru á SHH byggja á grunni þess samnings. Rannsóknar- og þróunarverkefni á árinu voru eftirfarandi:

Samskiptamiðstöð gaf út handformaveggspjald í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar. Handformaveggspjaldið hefur að geyma myndir af 33 handformum úr íslensku táknmáli. Veggspjaldið byggði á rannsóknum sem unnar voru af Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur, þáverandi verkefnisstjóra í rannsóknum og Nedelinu Ivanovu fagstjóra rannsókna. Myndir á veggspjaldinu teiknaði Uldis Ozols, verkefnisstjóri í táknmálskennslu. Veggspjaldið hannaði Helga Gerður Magnúsdóttir hjá HG&M. Markmið útgáfunnar var að vekja athygli á uppbyggingu íslensks táknmáls og gera hana aðgengilega börnum.




Handformaveggspjald sem gefið var út í tilefni 30 ára afmælis Samskiptamiðstöðvar.

Styrkur fékkst frá Vinnumálastofnun til að ráða nemanda í sumarstarf. Thomas Hammel var ráðinn til að sinna skráningarverkefni undir stjórn Rannveigar Sverrisdóttur, lektor við Háskóla Íslands og Nedelinu Ivanovu, fagstjóra rannsókna á Samskiptamiðstöð. Verkefnið fólst í því að skrá handform í völdum táknmálstextum til að átta sig á „fónetískum“ breytum þeirra. Framtíðar markmið með skráningunni er að fá yfirlit yfir fónem í ÍTM.



Tveir námsmenn í táknafræðum, Bryn Nóel Francis og Birta Björg Heiðarsdóttir, fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið „ÍTM-íslensk vasaorðabók handa foreldrum táknafræðingum barna.“ Táknafræðingarnir unnu að verkefninu á SHH yfir sumartímenn undir leiðsögn og umsjón Nedelinu Ivanova.



Samstarf var við Branislav Bedi í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um verkefni sem hlaut styrk úr Málræktarsjóði vegna verkefnisins LARA, sem snýst um rafræna kennslu tungumála í gegnum lestur.

Rannveig Sverrisdóttir hafði aðsetur á SHH vegna greinaskrifa í samstarfi við Nedlinu Ivanovu um handröf og málörvun á ÍTM.


Vinna við innleiðingu CEFR hélt áfram, en verkefnið snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma.

Samstarfsverkefnið Educational standards for Polish Sign Language (Menntunarstaðlar fyrir pólskt táknafræði), sem hófst með formlegum hætti í apríl 2020 hélt áfram árið 2021. Samstarfsaðilar í Póllandi eru Háskólinn í Warsjá og Félag heyrnarlausra í Lodz. SHH gegnir ráðgjafarhlutverki varðandi vinnu með CEFR viðmiðin fyrir pólskt táknafræði.



Samstarfið við norræna teymið um snertimál (e. tactile language) hélt áfram.

Birtar voru tvær greinar á SignWiki á árinu. Í greininni *On ÍTM – the basics*, fjallar Nedelina Ivanova um nokkrar grunnstaðreyndir um ÍTM og í greininni *Táknmálstúlkur í mynd* fjallar Árný Guðmundsdóttir um könnun sína á upplifun táknmálstúlka SHH af því að túlka fyrir framan myndavélar. Grein Árnýjar var þýdd á ÍTM í tilefni dags íslenska táknmálsins.



Vegna fjarveru fagstjóra rannsókna á SHH árið 2022 kann að vera að upplýsingar vanti um fleiri verkefni sem unnin voru á sviði rannsókna og þróunar árið 2021.



## Táknmálakennsla



Meginmarkmið kennslu íslensks táknmáls og námsefnisgerðar er að skapa skilyrði til máltöku fyrir táknmálsbörn, börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert eða börn táknmálstalandi foreldra með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í íslensku táknmáli og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknmálspækingu meðal þeirra sem nota íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er.

Kennsla íslensks táknmáls á vegum Samskiptamiðstöðvar fer fram á öllum stigum innan skólakerfisins. Innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eru kennd stök námskeið og öll færni námskeið innan táknmálfræði við Háskóla Íslands eru kennd af starfsfólki Samskiptamiðstöðvar. Einnig sér stofnunin um fræðilega kennslu í túlkanámi og verklega þjálfun túlkanema við háskólann auk tilfallandi kennslu í öðrum námskeiðum í táknmálfræði- og táknmálstúlkun. Boðið er upp á ýmiss konar námskeið, s.s. táknmálsnámskeið fyrir almenning á stofnuninni, námskeið fyrir starfsmannahópa, námskeið fyrir fjölskyldur táknmálsbarna og fjölskyldur táknmálstalandi einstaklinga og einstaklingskennslu fyrir táknmálsbörn og annað táknmálsfólk. Á stofnuninni er unnið að námsefnisgerð fyrir kennslu stofnunarinnar í íslensku táknmáli, ýmsum þýðingum frá íslensku yfir á íslenskt táknmál.

Fjölskyldunámskeið sækja táknmálsbörn ásamt fjölskyldum sínum. Árið 2021 var kennt einn laugardag í mánuði og frá september til loka nóvember var einnig kennt seinni part dags alla miðvikudaga. Með því að bjóða upp á kennslu bæði á virkum degi og um helgar gafst fleira fólk færi á að nýta sér þjónustuna. Á laugardögum fór kennslan fram í Spilavinum þar sem áherslan var á samverustund á ÍTM og nám í gegnum leik. Á miðvikudögum fór kennslan fram á stofnuninni var stuðst við námsefni sem keypt hafði verið af EduSign í Hollandi og þýtt á ÍTM og staðfært á SHH. Kennararnir fengu þjálfun í að kenna námsefnið í fjarkennslu frá Hollandi. Til stóð að kennarar kæmu frá Hollandi til að þjálfa kennarahóp SHH í notkun námsefnisins en Covid kom í veg fyrir það. Því var brugðið á það ráð að hafa þjálfunina í fjarkennslu. Á tveggja vikna fresti var fjarkennslu sinnt fyrir aðstandendur táknmálsbarns sem búsett er á landsbyggðinni og fyrir starfsfólk leikskóla þess barns. Heimsóknir ráðgjafa voru reglulegar til nokkurra táknmálsbarna og fjölskyldna þeirra.

Almenn táknmálsnámskeið voru kennd á vor- og haustmisseri á stofnuninni. Kennt var í hádeginu alla virka daga nema föstudaga. Námskeiðin Tákn 1, 2, og 3 voru kennd á árinu. Árið 2020 var ljóst að almenn ánægja var með það fyrirkomulag hjá viðskiptavinum að sækja námskeið á vinnutíma og því var ákveðið að halda því áfram árið 2021. Fólk sem starfar í þjónustu við táknmálstalandi fólk sótti frekar námskeiðin á vinnutíma en auk þess var þetta hagkvæmari kostur fyrir stofnunina. Enn er þó eftirspurn eftir síðdegis- og kvöldnámskeiðum sem stofnunin hefur ekki náð að anna.





Gott samstarf var við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands eins og undanfarin ár. Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar sá um kennslu í grunnnámi í táknafræði bæði á vor- og haustmisseri; Færinámsskeið á fyrsta og öðru ári og þýðingar á öðru ári.

Kennsla í framhaldsskólum var eins og áður í MH og í Kvennó. Að þessu sinni var einungis boðið upp á táknafræðikennslu í þessum skólum á haustmisseri. Tveir hópar voru í MH og einn hópur í Kvennó. Einnig var boðið upp á táknafræðikennslu í Flensborg og í Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Sú kennsla var bæði á vor- og haustönn.

Kennsla í grunnskólum hélt áfram á vormisseri 2021. Þessi kennsla var liður í verkefni Reykjavíkurborgar sem Sprotasjóður styrkti. Öllum grunnskólum í Reykjavík var boðið að taka þátt en þátttökuskólarnir á vorönn voru fjórir, þrír í Breiðholti og einn í Grafarvogi. Hvert námskeið var að jafnaði 38 kennslustundir. Einn grunnskóli hélt áfram að bjóða upp á táknafræðinámskeið eftir að verkefninu sem Sprotasjóður styrkti lauk. Það var því einn grunnskóli sem bauð upp á íslenskt táknafræðimál sem val haustið 2021.

Gaman saman var haldið á vormisseri 2021. Einu sinni í mánuði komu táknafræðinemendur í Hlíðaskóla á Samskiptamiðstöð og einu sinni í mánuði fór kennari frá Samskiptamiðstöð í Hlíðaskóla þar sem haldin var táknafræðistund. Ekki var óskað eftir áframhaldandi námskeiði á haustmisseri. Táknafræðistund var haldin í Sólborg þrisvar sinnum í mánuði á vormisseri. Þá fór kennari frá SHH og var með táknafræðistund (yndislestur) fyrir táknafræðibörninn í leikskólanum.

Vinnustaðanámskeið voru nokkur á vorönn. Kennarar á vegum Samskiptamiðstöðvar sáu um kennslu fyrir starfsfólk í Grunnskóla Borgarfjarðar, starfsfólk í Hlíðaskóla og fyrir starfsfólk í leikskólanum Sólborg. Einnig var eitt fjarnámskeið fyrir starfsfólk á sambýli. Ekkert var um kennslu fyrir starfsfólk þessara skóla á haustönn enda flestir skólar með lágmarksopnun fyrir utanaðkomandi vegna Covid.

Árið 2021 fékk Samskiptamiðstöð styrk úr Þróunarsjóði Innflytjendamála til að þróa kennslu í ÍTM fyrir döfð ungmenni og fullorðna af erlendum uppruna sem eru á vinnumarkaðnum eða eru í atvinnuleit. Verkefnið var tvíþætt, annars vegar rannsókn og hins vegar þróun námskeiðs í ÍTM og námskeiðshald. Verkefnið var unnið undir formerkjum Rannsóknarstofu í táknafræðum í HÍ sem er samstarfsvettvangur SHH og HÍ. Námskeiðið fór fram haustið 2021 og var vel sótt. Námskeiðið var 32 klst, 16 skipti, 2 klst. í senn. Kennslan var bæði hagnýts- og fræðilegs eðlis.



## Túlkaþjónusta



Túlkaþjónusta á milli íslensks tákn máls og íslensku er veitt frá stofnuninni, ýmist í stað- eða fjartúlkun. Vinna túlka fer fram þar sem þjónusta samfélagsins er veitt s.s. í skólum eða á Ársskýrsla 2021 15 heilbrigðisstofnunum, fundum eða þar sem tákn málstalandi fólk sækir þjónustu eða á samskipti við fólk sem reiðir sig á íslensku til tjáningar og samskipta.

Heimsfaraldur hafði nokkur áhrif á starfsemi túlkaþjónustunnar líkt og árið áður. Þó voru túlkaðar 1.727 fleiri stundir en árinu áður, eða alls 8.127 stundir. Ekki var unnt að sinna 118,5 stundum á árinu. Starfsfólk bætti stöðugt við sig tækniþekkingu þannig að öll fjarþjónusta varð liprari. Samhliða hefur þekking og vilji viðskiptavina okkar til að nýta sér þá þjónustu aukist. Fjartúlkun jókst milli ára, árið 2020 voru 66 fjartúlkaðar stundir en árið 2021 voru þær 311. Markmið stofnunarinnar er að auka hlut fjartúlkunar á næstu árum og lagt er upp með að auka hana um 100 tíma milli árana 2021 og 2022. Fjartúlkun er fyrirfram pöntuð túlkaþjónusta. Hún fer fram í gegnum fjarfundaforrit líkt og myndsímatúlkun. Öllum túlkanotendum er frjálst að óska eftir fjarþjónustu og túlkaþjónustan býður í auknu mæli upp á hana. Starfsfólk í myndsímatúlkun hélt áfram könnun á myndsímatúlkunarforriti til að bæta þjónustu við tákn málstalandi fólk og stytta biðtíma. Vonir stóðu til að þeirri vinnu yrði lokið 2022.

Vegna aukins sýnileika tákn málstúlka í kjölfar heimsfaraldurs þar sem íslenskt tákn máll hefur verið sýnilegt á skjám allra landsmanna hefur orðið vakning hjá hinu opinbera um aðgengi fyrir alla. Frá upphafi heimsfaraldurs hafa allir upplýsingafundir Almannafráttanna hafa verið tákn málstúlkaðir. Fundunum fækkaði úr 150 í 39 milli árana 2020 og 2021 í takt við þróun í Covid-faraldri.

Sumarið 2021 skrifuðu SHH og RÚV undir samning þess efnis að aðalfréttatími RÚV yrði tákn málstúlkaður alla daga ársins sem og Krakkafréttir. Þetta var stór og mikil áskorun sem þýddi að allt starfsfólk stofnunarinnar hefur lagt hönd á plóg við að leysa það sem best. Samvinna milli sviða hefur verið mikil til dæmis vegna þýðingarvinnu, hugtakasöfnunar og framkvæmdar verkefnisins.

Komin er hefð á túlkun á ýmsum dagskrárliðum hjá RÚV. Til dæmis er ávarp forseta Íslands 1. janúar, hátíðarhöld 1. maí og 17. júní, ávarp forseta Íslands 1. desember og ávarp forsætisráðherra 31. desember túlkað á íslenskt tákn máll. Þá hefur jólamessa 24. desember verið túlkuð undanfarin ár ásamt aftansöng.


Samvinna við 112 hélt áfram á árinu og fóru túlkar SHH í 31 af 41 neyðarútkalli sem bárust í gegnum neyðarboðun 112. Hætt var við boðun fjögurra af 41 útkalli en auk þess fékkst engin túlkur í tvö útköll. Fjórum útköllum var sinnt af túlkum utan SHH.



Sundurliðun verkefna




Túlkun á árinu 2021 skiptist eftir eðli verkefna á eftirfarandi hátt:




Túlkun í skólum	1382
Endurgjaldslaus túlkabjónusta í daglegu lífi	3417,5
Heilbrigðistúlkun	1186,5
Ýmis önnur túlkun	2141
<b>Samtals</b>	<b>8127</b>

Á árinu fékk túlkabjónusta SHH styrk frá Kópavogsbæ til að túlka á tómstunda- og menningarviðburðum og frá Rannís vegna túlkunar á íþróttaiðkun barna og fellur sú túlkun undir ýmsa aðra túlkun ásamt túlkun við kirkjulegar athafnir, túlkun sem greidd er af sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum öðrum en á sviði mennta- og heilbrigðismála



Fjölgun varð á heildarfjölda túlkaðra stunda úr 6400 í 8127 má rekja til þess að fleiri viðskiptavinir voru opnari fyrir möguleikanum á að nýta sér fjarþjónustu. Covid takmarkanir voru rýmri en árinu áður og fleiri verkefnum því sinnt. Eftirspurn eftir túlkun í framhaldsskólum minnkaði lítillega milli ára en eftirspurn eftir annarri túlkun jókst.

Tæpur helmingur allrar táknmálstúlkunar sem stofnunin sinnir varðar nú endurgjaldslesa túlkun þjónusta í daglegu lífi. Fjármagn til endurgjaldslausrar túlkun þjónustu í daglegu lífi var 34,3 m.kr. á árinu 2021 eða áætlaðir 3384 túlkaðir tímar miðað við gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar.. Veitt var túlkun í 3411 stundir. Flest verkefni voru í myndsímatúlkun en opnunartími hennar var aukinn í sjö tíma á dag, alla virka daga. Nokkuð jafnt var túlkað í verkefnum tengdri atvinnu og félagslegri þátttöku. Ráðstefnur og stærri viðburðir voru í svipuðu hlutfalli milli ára en í auknu mæli í gegnum fjarfundarbúnað.



Endurgjaldslaus túlkun þjónusta, flokkuð eftir tegund verkefna



Tveir táknmálstúlkar í hlutastarfi búsettir utan höfuðborgarsvæðisins sinna myndsímatúlkun að mestu. Þegar biðtími er langur sinna fleiri þjónustunni. Myndsímatúlkun var að jafnaði opin alla virka daga kl. 9-16 árið 2021. Opnunartími var stytur í júlí og yfir jólahátíðina vegna leyfa starfsmanna en á þeim tíma dregst einnig þörf eftir þessari þjónustu saman. Á árinu 2021 voru túlkuð 6061 símtöl eða svipaður fjöldi og árið 2020, sem þá hafði aukist verulega frá árinu áður. Meðaltal túlkaðra símtala hvern opnunardag voru 23 símtal eins og árinu áður. Veruleg hagræðing hlýst af þessari þjónustu þar sem hvorki táknmálstúlkurinn né viðskiptavinir þurfa að ferðast á milli staða og hægt er að leysa fleiri en eitt erindi á sömu klukkustundinni. Til samanburðar má segja að hefðu erindi sem fóru í gegnum myndsímatúlkun á árinu 2021 verið leyst í staðtúlkun hefði slík túlkun krafist að meðaltali 23 stunda túlkunar á hverjum virkum degi, sem hefði þýtt kostnað upp á rúmlega 60 milljónir króna. Það er tvöfaldur kostnaður umfram fjárframlag ríkisins til endurgjaldslausrar túlkunar í daglegu lífi.

Fjöldi símtala á mánuði





Eins og sést á myndinni hefur verið veruleg aukning átt sér stað í notkun myndsímatúlkunar á árunum 2011 til 2021. Á síðustu tíu árum hefur notkunin þrefaldast. Snjallsímar er orðin almannaæign og eykur möguleika fólks að nýta sér þennan möguleika hvar sem er. Þá hefur aukinn opnunartími einnig áhrif. Árið 2011 var opið fimm sinnum í viku fjóra tíma í senn, alls 20 stundir á viku. Árið 2016 var opið sex tíma á dag fjóra daga vikunnar og fjóra tíma einn dag í viku, alls 28 stundir á viku. Árið 2021 var opið í sjö tíma á dag, alla virka daga, alls 35 stundir á viku.

Myndsímatúlkun er lang mest notuð til þess að afla upplýsinga, vegna ýmiss konar þjónustu og viðskipta. Þá er myndsímatúlkun mikilvæg vegna heilbrigðisþjónustu. Stofnunin er stolt af því að geta veitt þessa mikilvægu þjónustu og mikil ánægja er með hana.


Frá árinu 2000 til 2014 fjölgaði túlkuðum tímum árlega og náði hámarki um 2015 en eftir það fór þeim að fækka umtalsvert. Túlkar réðu sig á vinnustaði þar sem túlkanotendur störfuðu einnig og sinntu túlkun sem áður var pöntuð hjá SHH. Þá var túlkun einnig sinnt í verktöku, s.s. að stórum hluta á háskólastigi, sem áður var að miklu leyti pöntuð hjá SHH. Þá hefur aukning í notkun myndsímatúlkunar einnig veruleg áhrif á fjölda beiðna. Margt að því sem áður krafðist túlkabeidni sem taldi að lágmarki sem eina klukkustund þótt túlkun tæki skemri tíma fer nú fram í gegnum myndsímatúlkun. Árið 2021 virðist þróunin þó hafa snúst við að nýju og beiðnir og túlkaðar stundir jukust um núman fjórðung.

	2021	2020	2019
Heilbrigðisþjónusta	899	755	745
Túlkur í tösku	29	21	16
Viðskipti og fjármál	1133	1169	892
Upplýsingar og þjónusta	2977	2890	2573
Fjölskylda og vinir	222	263	172
Atvinna	171	316	396
Lögfræðingar	0	30	39
Textatúlkun	600	502	245
Aðrir til táknumálstandi fólks	30	55	48
Símtöl í 1700	0	27	0

Fjöldi símtala flokkuð eftir notkun þjónustu á árunum 2019-2021

Ár	Tímar á ári
2000	5880
2005	5538
2010	10403
2015	11807
2016	11069
2017	9714
2018	8110
2019	7091
2020	6400
2021	8127

Túlkaðir tímar á ári frá árinu 2000 til 2021





## Önnur þjónusta



Samskiptamiðstöð sinnir ýmiss konar annarri þjónustu sem tengist íslensku táknmáli. Sú þjónusta mótast og þróast í takt við eftirspurn viðskiptavina og beiðnir annarra stofnana. Samskiptamiðstöð veitir þeim sem til hennar leita aðra þjónustu sem tengist samskiptum á íslensku táknmáli, s.s. máltökuráðgjöf og stuðlar að þátttöku táknmálstalandi fólks í íslensku samfélagi.

Samskiptamiðstöð vinnur einnig að því að safna og skrá málsýni úr íslensku táknmáli og varðveita þannig mikilvæg menningarverðmæti táknmálssamfélagsins. Stofnunin hefur undanfarin ár unnið að því að koma þessum gögnum á stafrænt form og vista þau hjá Þjóðskjalasafni Íslands, í samræmi við reglur um skjalavörslu afhendingarskyldra aðila skv. 4. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands og reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila (nr. 877/2020). Við lok árs 2021 höfðu 3.900 myndbönd úr safneign verið færð á viðeigandi stafrænt form og þau skráð ásamt lýsigögnum. Stærstum hluta þeirra var skilað til ÞÍ í formi vörsluútgáfu. Markmiðið er að skrá 600 myndbönd til viðbótar árið 2022 og sambærilegum fjölda næstu ár þar á eftir.

Þýðingar og táknasöfnun á SignWiki hélt áfram árið 2021 eins og síðustu 10 ár. Öll tákn sem ekki eru þegar í orðabókinni á SignWiki þegar þýðingarvinna stendur yfir á Samskiptamiðstöð eru sett inn samhliða henni. Þá skrá táknmálstúlkur einnig inn tákn sem þeir nota í túlkun, einna helst vegna túlkunar á háskólastigi og í atvinnulífinu. Um er að ræða bæði gömul tákn og nýyrði, fagtákn og almenn tákn. Mikil táknavinna fór fram vegna túlkunar kvöldfrétta á RÚV og afrakstur þeirrar vinnu birtist í kvöldfréttatímum auk þess sem ný tákn voru sett á SignWiki.


Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur var þýdd á ÍTM af Árnýju Guðmundsdóttur fagstjóra túlkunar á SHH. Hún var birt á SignWiki ásamt teikningum Brian Pilkington, með góðfúslegu leyfi hans.



Árný Guðmundsdóttir þýddi og flutti söguna Ástarsaga úr fjöllunum eftir Guðrúnu Helgadóttur á ÍTM. Söguna má finna á [Signwiki](#)



Táknmálsfræðinemar á 1. ári fengu fjarkynningu á stofnuninni þetta árið líkt og árið áður. Á vordögum komu nemendur í Þýðingum II við Háskóla Íslands á SHH og tóku upp verkefni sem þau skiluðu í námskeiðinu. Verkefnið var að þýða dægurlag yfir á ÍTM. Þau stóðu sig öll með stakri þýði og stofnunin fékk leyfi til að birta afraksturinn á Signwiki. Þá voru 12 sönglög birt á Signwiki sem þýdd höfðu verið á ÍTM í verkefninu Syngjum saman: íslensk lög þýdd og túlkuð á íslenskt táknmál. Verkefnið var styrkt af Tónlistarsjóði Rannís. Markmið þessa verkefnis er annars vegar að auðvelda aðgengi táknmálsbarna að barnasamfélaginu og hins vegar að veita þeim tækifæri til að syngja þekkt barnalög á ÍTM. Þýðingarnar voru í höndum táknmálstúlka SHH ásamt Kolbrúnu Völkudóttur söngkonu.



Samvinna milli Samskiptamiðstöðvar, Hlíðaskóla og Leikskólans Sólborg hélt áfram meðal annars í formi umræðuhópa en það eru málfræðihópur og túlkunarhópur. Tilgangur samstarfsverkefnisins var að skapa vettvang fyrir umræður um þjónustu, sér í lagi við börn sem tala ÍTM á viðkomandi sviði með viðkomandi sérfræðingum frá ólíkum stofnunum.

Samstarf í þverfaglegu teymi stofnana sem starfa fyrir einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu hélt einnig áfram á árinu. Samskiptamiðstöð hefur tvo fulltrúa í því teymi. Haldin var kynning fyrir forsvarsmenn stofnana í teyminu með helstu niðurstöðum og tillögu að fræðsluferð fyrir teymið. Þá hélt samstarf í norrænu teymi um samskipti í gegnum snertimál einnig áfram á árinu.

Starfsmaður Samskiptamiðstöðvar vinnur fyrir Málnefnd um íslenskt táknmál í 10% stöðugildi sem ritari hennar og Samskiptamiðstöð hefur séð um fjármál nefndarinnar frá upphafi. Samskiptamiðstöð á einnig fulltrúa í nefndinni. Þá eru tveir fulltrúar Samskiptamiðstöðvar einnig í stjórn Rannsóknastofu í táknmálsfræðum.






Samskiptamiðstöð hélt áfram samstarfi sínu í evrópuverkefninu SignTeach Online. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ áætluninni, þar sem sjö samstarfsaðilar frá jafnmörgun ESB löndum taka þátt.

Verkefnið er bæði unnið af og ætlað táknumálskennurum. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á vefsíðunni [www.signteach.eu](http://www.signteach.eu)

## Starfsfólk við lok árs 2021




Anna Dagmar  
Danielsdóttir




túlkunarsvið

Auður  
Sigurðardóttir




túlkunarsvið

Árný  
Guðmundsdóttir



táknmálssvið  
túlkunarsvið

Eva Rún  
Guðmundsdóttir



túlkunarsvið

Eyrún Helga  
Aradóttir



sviðsstjóri  
táknmálssvið

Fanney  
Ingólfssdóttir



rekstrarsvið  
aðstoðarforstöðumaður

Gerður Sjöfn  
Ólafsdóttir




sviðsstjóri  
túlkunarsvið

Guðni  
Rósmundsson




umsjónarmaður  
myndvers

Hanna Lára  
Ólafsdóttir




táknmálssvið

Hólmfríður  
Þóroddsdóttir




táknmálssvið

Iðunn Ása  
Óladóttir




túlkunarsvið

Iðunn  
Bjarnadóttir




túlkunarsvið

Júlía Guðný  
Hreinsdóttir



táknmálssvið

Kristbjörg  
Helga S. Cooper



túlkunarsvið

Kristín Lena  
Þorvaldsdóttir



forstöðumaður

Starfsfólk við lok árs 2021 frh.




Lilja Ólöf  
Þórhallsdóttir




táknmálssvið

Lína Hrönn  
Þorkelsdóttir



túlkunarsvið

Nedelina  
Ivanova



táknmálssvið

Sandra  
Helgadóttir



táknmálssvið

Sara  
Snorradóttir




túlkunarsvið

Sigurður Jóel  
Vígússon




túlkunarsvið

Sólrún Birna  
Snæbjörnsdóttir




táknmálssvið

Steinnur Birna  
Jónsdóttir




túlkunarsvið

Svava  
Jóhannesdóttir




táknmálssvið

Uldis Ozols




táknmálssvið

Unnur Ósk  
Unnsteinsdóttir



túlkunarsvið

Vilborg Friðriksdóttir



táknmálssvið